

AUGLÝSING UM NÝTINGU LANDS OG LANDSRÉTTINDA INNAN ÞJÓÐLENDU



Hrunamannahreppur auglýsir eftir aðila til að nýta lóðina Klakk innan Hrunamannafréttar.

Umrætt svæði er á þjóðlendu (Hrunamannafrétti) og leyfi Hrunamannahrepps þarf til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- Þekking viðkomandi aðila á þessu svæði.
- Þekking og reynsla viðkomandi aðila af starfsemi afréttarskála á mið-hálendinu.
- Frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti.
- Hvernig viðkomandi hyggst nýta lóð og eftir atvikum skála innan svæðanna og hvernig sú nýting samræmis skilmálum deiliskipulags áætlaða svæðanna.
- Sú kvöð er lögð á að fjallmenn hafi aðgang að skálunum við smölun á afréttinum.

Hrunamannahreppur áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum sem berast fáist ekki viðunandi tilboð.

Upplýsingar um svæðið má nálgast hjá sveitarfélaginu Hrunamannahreppi á netfanginu hruni@fludir.is.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið umsókn um nýtingu lands eigi síðar en **12. apríl 2026** á netfangið hruni@fludir.is. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um það hvernig umsækjandi uppfyllir framangreidda skilmála og hugmyndir umsækjenda um leiguverð.

Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600. Netfang sveitarstjóra er aldis@fludir.is.

Hrunamannahreppur
845 Flúðum